

Sæll Kristófer.

Í framhaldi af fundi okkar um daginn og áminning þín í tölvupósti varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir í gamla íbúðarhúsinu á Stóra-Núpi vil ég koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum.

Norðurhluti hússins, sem er sá hluti sem okkur tilheyrir er nánast fullbúinn að utan, en eftir er að endurgera viðbyggingu austan við húsið. Stefnt er að því að það verði gert næsta sumar 2020, en Minjastofnun tekur ekki þátt í kostnaði við þann hluta. Minjastofnun tekur heldur ekki þátt í kostnaði við lagfæringar innanhúss en það er það sem við viljum hefjast handa við sem allra fyrst. Í því felst meðal annars að lagfæra klæðningar og mála en vilji er fyrir því að halda öllu sem upprunalegustu og nota það sem er til staðar en það getur oft verið mun dýrara en að skipta út. Þá þarf að endurnýja allar raflagnir, hita og neysluvatnskerfi þannig að ekki hljóti lýti af.

Það skal tekið fram að hlutdeild Minjastofnunar í kostnaði við verkið er nánast lokið þannig að framgangur verksins veltur á öðru en þeirra framlagi.

Þorbjörg Jóhannsdóttir  
Stóra-Núpi.